

aði, er telst hæfilega metinn 30 kr. Eftir atvikum virðist rétt, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndi, Halldór Gunnlögsson, greiði áfrýjanda, Sveini Björnssyni yfirréttarmálaflutningsmanni, fyrir hönd hlutafélagsins Det danske Mælke Compagni 136 kr. 7 a., með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en sé að öðru leyti sýkn af kröfum áfrýjanda. Stefndi greiði sekt til landssjóðs 8 kr. og málskostnað í héraði 30 kr. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 26. nóvember 1917.

Nr. 35/1917.

Páll Jónsson

gegn

Jóni St. Scheving.

D ó m u r :

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 21. des. f. á., var áfrýjandi þessa máls, Páll Jónsson yfirréttarmálaflutningsmaður, dæmdur fyrir meiðryði um Jón St. Scheving yfirsildarmatsmann á Seyð-

isfirði til að greiða 40 kr. sekt í landssjóð, en til vara, ef sektin yrði eigi greidd innan ákveðins tíma, að sæta 5 daga einföldu fangelsi, svo og til að greiða Scheving 30 kr. í málskostnað; hin meiðandi ummæli voru dæmd dauð og ómerk. Páll Jónsson hefir skotið þessum dómi og úrskurði, uppkveðnum í málinu 11. maí f. á., til yfirdómsins, og eru kröfur hans aðallega þær, að úrskurðurinn verði feldur úr gildi, málinu vísað frá undirréttinum og stefndi, Jón St. Scheving, dæmdur til að greiða honum málskostnað og sektaður fyrir óþarfa málsýfingu, en til vara að dómnum verði hrundið og breytt þannig, að áfrýjandi verði algerlega sýknaður af öllum kærnum og kröfum stefnda, og stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins. Af hálfu stefnda er þess krafist, að hinn áfrýjaði úrskurður og dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Hin átöldu ummæli viðhafði áfrýjandi um stefnda í sóknarskjölum fyrir yfirdómi í máli, er hann flutti fyrir Björn Gíslason gegn Degi Brynjólfssyni. Skjöl þessa máls, þar á meðal sóknarskjöl áfrýjanda, gaf Björn Gíslason síðan út á prenti í ritlingi, er hann nefndi »Gaulverjabæjar málið«. En ummæli þau, er til greina koma fyrir yfirdóminum, eru þau, er hér segir:

- 1., ». . . greip hann til þess örþrifaráðs, að rógbera hann (það er Björn Gíslason) við sýslumann«.
- 2., ». . . Scheving er meiri ópokki en eg hafði hugsað, þar sem hann þegar, að ekki fullum ársfjórðungi liðnum frá því að áfrýjandi tekur hann fúlan og fé-

lausan á sínar náðir, fer að brugga vélráð gegn honum«. 3., ». . . Þótt Scheving ef til vill eigi skirðist við þessu« (þ. e. að gefa yfirlýsingar til þess að ginna fé af öðrum manni). 4., ». . . Þetta varmenskubragð Schevings«. Með dómi yfirdómsins í fyrgreindu máli 8. nóv. 1915 voru ummælin við tölul. 1., 2. og 4. látin varða áfrýjanda sekt fyrir ósæmilegan rithátt og dæmd dauð og ómerk.

Fyrir undirrétti hélt áfrýjandi því fram, að dómur væri þegar genginn um sakarefnið, þar sem hin átöldu ummæli hefðu verið látin varða sekt og ómerkingu með téðum landsyfirrættardómi, og krafðist af þeirri ástæðu, að málinu væri vísað frá dómi, en þeirri kröfu var hrundið með hinum áfrýjaða úrskurði. Þessa kröfu hefir áfrýjandi aftur tekið upp hér fyrir réttinum og tilgreint sömu ástæðu fyrir henni. En það brestur heimild til að taka hana til greina með því að það, að áfrýjandi hefir verið sektaður fyrir hin átöldu ummæli samkvæmt N. L. 1—12 og tilsk. 23. des. 1735 fyrir ósæmilegan rithátt getur ekki varnað því, að hann sæti einnig ábyrgð fyrir þau samkvæmt almennum hegningarlögum. Það ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Til stuðnings varakröfu sinni um sýknun í málinu heldur áfrýjandi því fram, að hann sé eigi réttur varnaraðili, heldur sé það maður sá, er lét birta hin átöldu ummæli á prenti og þannig var valdur að útbreiðslu þeirra. Á þetta verður eigi fallist, því að það getur alls eigi losað áfrýjanda við ábyrgð á ummælunum, að annar maður hefir birt þau á prenti, og getur þá þessi varnarástæða eigi komið áfrýjanda

að haldi, né heldur sú ástæða, að hann hafi viðhaft ummælin sem málfærslumaður fyrir rétti til skýringar máli, er hann flutti, með því að slíkt getur eigi gert þau ósagnæm, ef þau annars eru sagnæm. Það er enn varnarástæða áfrýjanda, að hin umstefndu orð séu sönn og réttmæt, með því að afskifti stefnda af hinu svonefnda Gaulverjabæjarmáli hafi verið þannig vaxin, að þau réttlæti fyllilega ummæli áfrýjanda um hann. Hefir áfrýjandi reynt að sanna þetta með vitnaleiðslu. Ummælin við tölulið 1. telur hann réttlætt með framburði hlutaðeigandi sýslumanns, er hefir borið það sem vitni, að stefndi hafi látið á sér heyra, að Björn Gíslason hefði ekki reynst honum neinn drengur í viðskiftum. Þessum vitnisburði hefir verið mótmælt, en jafnvel þótt sannað væri, að stefndi hefði talað orð í þá átt, sem vitnið hefir eftir honum, verða þau eigi skilin svo, að stefndi hafi viljað með þeim rógbera Björn Gíslason, einkum þar sem vitnið jafnframt lét þess getið, að það hefði orðið vart við að stefnda tæki sárt til Björns, sem er fóstursonur hans. Að öðru leyti hefir áfrýjandi sérstaklega vísað til vitnisburðar Björns Gíslasonar um viðskifti hans og stefnda, en þegar þess er gætt, hve mjög nefnt vitni er viðriðið þetta mál, svo að áfrýjandi sjálfur lítur svo á, að því hefði að réttu lagi átt að vera beint gegn vitninu en eigi sér, þá verður að fallast á þá skoðun undirdómarans, að vitnisburður þessa vitnis verði eigi gegn mótmælum stefnda talinn hafa neitt sönnunargildi í máli þessu. Hin umstefndu ummæli verða þannig eigi talin réttlætt, og með því að þau eru meiðandi og móðgandi

fyrir stefnda, verður áfrýjandi að sæta sekt fyrir þau, og þykir hún hæfilega ákveðin af undirdómaraanum samkvæmt 217. gr. hegningarlaganna 40 kr. til landssjóðs, svo og vararefsing 5 daga einfalt fangelsi. Ummælin við tölul. 3 hér að framan ber að dæma dauð og ómerk, en hin meiðandi ummæli við tölul. 1., 2. og 4. hafa verið ómerkt með fyrgreindum landsyfirréttardómi og er eigi ástæða til að endurtaka það hér. Málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins samþykkjast.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Ákvæði bæjarþingsdómsins um sekt, vararefsingu og málskostnað skal óraskað. Ummælin: Þótt Scheving ef til vill eigi skirðist við þessu eiga að vera dauð og ómerk. Áfrýjandi, Páll Jónsson, greiði stefnda, Jóni St. Scheving, 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaadför.